

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg, 803 Selfossi (dreifbýli)

Garðabær, 9. október 2025
202509-0078/Á.G.
08.02

Efni: Umsögn - Tillaga - Deiliskipulag - Merkurlaut 1 - Axarhólsbraut 3 - Flóahreppur.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Flóahrepps er barst 11. september þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um tillögu að deiliskipulagi að Merkurlaut 1 L193162 - Axarhólsbraut 3 - 1250/2025 í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram að lögð sé fram tillaga deiliskipulags sem tekur til Merkurlaut 1 þ.e. Axarhólsbraut 2, 3, og 5. Byggingarreitir eru skilgreindir innan lóðanna þar sem heimilt verður að byggja frístundahús með bílskúr gestahúsi og geymslu. Markmiðið skipulagsins er að stofna nýjar frístundarlóðir úr núverandi lóð Merkurlaut 1, með skilmálum innan gildandi aðalskipulags Flóahrepps 2017-2029.

Vistgerðir og fuglaverndarsvæði

Á skipulagssvæðinu má finna vistgerðir sem hafa verndargildi samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands¹. Þar á meðal eru Snarrótarvist (L9.4), Víðikjarravist (L10.10) og Stinnastaravist (L9.1). Snarrótarvist lýsir sér sem gróskumikið graslendi á flatlendi og í brekkum, vaxið snarrótarpunti og fleiri graslendistegundum á meðan þurrt til deigt gróskumikið kjarlendi á láglandi, í brekkum og hlíðum, vaxið gulvíði og loðvíði einkennir víðikjarravist. Stinnastaravist finns einnig á áhrifasvæðinu og er fremur rýr, smápýfð og þurr, mosarík graslendi vaxið stinnastör og fleiri gras -og mólendistegundum. Verndargildi vistgerðanna er metið töluvert, sérstaklega Víðikjarravist sem hefur mjög hátt verndargildi og allar eru þær á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni skal stefnt að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og tryggja ákjósanlega verndarstöðu einstakra vistgerða.

Fuglalíf er miðlungs- til mjög ríkt innan þessara vistgerða með þúfutittling (*Anthus pratensis*), hrossagauk (*Gallinago gallinago*), lóupræl (*Calidris alpina*), stelk (*Tringa totanus*), spóa (*Numenius phaeopus*), skógarþröst (*Turdus iliacus*), grágæs (*Anser anser*), heiðlóu (*Pluvialis apricaria*) sem algenga varpfugla.

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

Með hið ríka fuglalíf sem er til staðar innan vistgerðanna bendir Náttúruverndarstofnun á að Suðurlandsundirlendið, sem nær frá Markárfljóti að Hellisheiði, er afar mikilvægt fuglaverndarsvæði þar sem finnst þétt varp ýmissa vaðfugla, meðal annars spóa, jaðrakans, stelks og tjalds. Sérstaklega skal bent á að spói telst til ábyrgðartegunda Íslands. Svæðið hefur einnig alþjóðlega þýðingu sem varpland fyrir himbrima, álf og skúm, auk þess sem það gegnir mikilvægu hlutverki á fartíma fyrir álf, heiðargæs, blesgæs og grágæs. Þessi verndargildi eru í samræmi við alþjóðleg viðmið IBA, nánar tiltekið A4i, A4iii, B1i, B1ii og B2.

Náttúruverndarstofnun bendir á að talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfuttittlings.² Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.⁹ Náttúruverndarstofnun bendir á að heiðlóa, lóupræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands¹⁰ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofnin verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar. Mikilvægt er að sveitarfélagið bregðist við í skipulagi varðandi þessa fækkun.

Náttúruverndarstofnun bendir á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Mófuglar nýta tún og framræst land í verulegum mæli, bæði sem fæðusvæði og jaðra þeirra til varps. Þannig gegna tún mikilvægu hlutverki fyrir tegundir á borð við spóa, heiðlóu, jaðrakan, stelk og hrossagauk, þótt þau séu manngerð búsvæði. Stofnunin bendir á góða samantekt Tómasar Grétars Gunnarssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, um hvernig skal taka tillit til mófugla á varptíma og bera sig að við framkvæmdir.³

Af framangreindu telur Náttúruverndarstofnun mikilvægt að í skipulagstillögunni verði fjallað um mikilvægi fuglalífs innan skipulagssvæðisins og tilgreint verði að fyrirhuguðum eða mögulegum framkvæmdum verði haldið í lágmarki á varptíma fugla.

Hraunsvæði

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúruvirkjarnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúruvirkjarnum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir

² Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

³ [Að taka tillit til mófugla á varptíma](#)

réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. gíga, hrauntraða og hraunfláka.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þó að framkvæmdasvæðið sé aðeins brot af heildarstærð hraunsins og þó að nærliggjandi svæðum hafi verið raskað þá réttlætir það ekki frekara rask.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Framkvæmd

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmunum af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Ármann Guðmundsson

sérfræðingur

Axel Benediktsson

teymisstjóri